

# ÚTBOÐ

## SILFURSMÁRI - MIÐLUNARTANKUR

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í byggingu á miðlunartanki í Silfursmára. Verkið fellst í byggingu á miðlunartanki til að taka við ofanvatni frá hverfinu 201 Smári. Miðlunartankurinn er staðsettur í og við gatnamót Silfursmára og Smárahvammsvegur. Rúmmál tanksins er u.þ.b 455 m<sup>3</sup> og flatarmál um 240 m<sup>2</sup>.

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2021.

Útboðsgögn verð afhent rafrænt og skulu þeir, sem óska eftir útboðsgögnum fyrir verk þetta, senda tölvupóst á netfangið [utbod@kopavogur.is](mailto:utbod@kopavogur.is), frá og með þriðjudeginum 19. janúar nk. Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðs vegna útboðsins, símanúmer, netfang og nafn fyrirtækis.

Eiginlegur opnunarfundur með bjóðendum verðu ekki haldinn, tilboðum ásamt nauðsynlegum gögnum skal skila rafrænt (tölvupóstur) á pósthafið [utbod@kopavogur.is](mailto:utbod@kopavogur.is) fyrir kl. 13:00 fimmtudaginn 4. febrúar 2021. Niðurstöður opunar verða sendar þeim aðilum sem skila inn tilboðum.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

Traust og fagleg  
þjónusta

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)



HAGVANGUR



ÍSAFJARÐARBÆR

## Auglýsing um nýtt skipulag í Ísafjarðarbæ. Tjarnarreitur, Pingeyri

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 5. nóvember 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Tjarnarreits á Pingeyri, skv. 41 gr. skipulagslaga 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Aðalstræti, Hafnar götu, Vallargötu og Hlíðargötu. Á svæðinu eru tvær spennistöðvar, kirkjugarður með geymsluhúsi, dvalarheimili aldraðra og heilsugæsla, gistiheimili og þrettán íbúðir. Markmið er að skilgreina lóðir og byggingarreiti, breyta götum og göngustígum og setja fram nýjar kvaðir innan Tjarnarreits.

Tillagan er aðgengileg á bæjarskrifstofum og á síðu Ísafjarðarbæjar: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 1. mars 2021 að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði eða á [heidajack@isafordur.is](mailto:heidajack@isafordur.is).

Skipulagsfulltrúi



## Skrifstofa Alþingis

auglýsir eftir matreiðslumanni  
í afleysingastarf til eins og hálfis árs.  
Sjá nánar á [Starfatorg.is](http://Starfatorg.is).

## Styrkir til rannsókna á ritmenningu Íslenskra miðalda - RÍM

Í tilefni af því að árið 2019 voru 75 ár liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi, standa forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Snorrastofa í Reykholti fyrir áttaksverkefni til fimm ára um þverfaglegar rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda.

Fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis auglýsir Snorrastofa nú eftir umsóknum um styrki vegna verkefnisins fyrir árið 2021.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir á sviði ritmenningar íslenskra miðalda, m.a. með því að efla rannsóknir á heimildum um ritunarstaði miðaldahandrita á Íslandi og þá sérstaklega á þeim lærdómsmiðstöðvum og klastrum þar sem ritmenning blómstraði. Verkefnið skiptist í tvo verkþætti: Annars vegar að rannsaka menningarminjar og umhverfi tengt þessum stöðum og hins vegar handrita- og bókmenningu þeirra. Umsóknir verða metnar með tilliti til vísindalegs og menningarsögulegs gildis. Vonir standa til að nákvæmar lýsingar verði unnar á þeim ritmenningarstöðum, sem verða fyrir valinu og rök færð fyrir menningarlegu vægi þeirra handrita og bókmenntaverka sem stöðunum tengjast. Áætlað árlegt fé til sjóðsins er 35 m.kr. á tímabilinu 2020 til 2024.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni á þar til gerðum umsóknareyðublaðum. Sé fyrirhuguð að sækja um styrk til verkefnis, sem taka mun fleiri en eitt ár að vinna, skal umsækjandi gera grein fyrir heildarmarkmiðum verkefnis, áfangaskiptingu og kostnaðaráætlun hvers áfanga. Styrkveitingu fylgir ekki skuldbinding til að veita styrki til síðari áfanga verkefnis.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Snorrastofu í Reykholti, [www.snorrastofa.is](http://www.snorrastofa.is) – rannsóknir og fræði.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2021.**

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Úthlutanir úr sjóðnum eru á hendi mennta- og menningarmálaráðuneytis að fenginni umsögn sérstakrar úthlutunarnefndar. Snorrastofa hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu unnin í samræmi við þær úthlutunarreglur, sem birtar eru á heimasíðu Snorrastofu. Heimilt verður að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum frá umsækjendum eftir því sem þurfa þykir.

15. janúar, 2021

Snorrastofa,  
320 Reykholt  
Sími: 433 8000 og 893 1492  
[www.snorrastofa.is](http://www.snorrastofa.is)  
[snorrastofa@snorrastofa.is](mailto:snorrastofa@snorrastofa.is)

# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnar gjalda  
að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

**Gjöldin eru:** Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2021, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2021 og önnur gjaldfallin á löggð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2021, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oliugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattransóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álöggðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaþjónu, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem löggveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2021

Ríkisskattstjóri  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi  
Sýslumaðurinn á Vestfirðum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra  
Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum